

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Bolungarvíkurkaupstaður urðunarstaður að Hóli



Dags eftirlits	2.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Bolungarvíkurkaupstaður	Eftirlitsmaður	
Heimili	Aðalstræti 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480774-0279	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Bjarnason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	307786,784 635095,624

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram þrjú frávík er varða móttöku timbur- og garðaúrgangs og annars úrgangs án heimildar, skil á skráningum og mælingum og frágang á urðunarstaðnum.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungarvíkurkaupstaðar að Hóli. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Skráningar og mælingar (gr. 4.1, 4.2 og 4.4)
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti að hámarki 500 tonnum af úrgangi á ári, heimilt er að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og telst tækur á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang, þá er heimilt að taka á móti viðar- og garðaúrgangi til jarðgerðar. Árið 2021 var tekið á móti 81,4 tonnum af óvirkum úrgangi, 172 tonnum af viðarúrgangi og 148 tonnum af garðaúrgangi, alls rúm 400 tonn. Fram kom hjá rekstraraðila að jarðgerð fari ekki fram á urðunarstaðnum þó að uppi séu hugmyndir um slíkt. Meðan að ekki fer fram jarðgerð á urðunarstaðnum hefur rekstraraðili hvorki heimild til að taka á móti viðarúrgangi né garðaúrgangi, því er um að ræða frávík frá gr. 1.2 í starfsleyfi.

Rætt var um skil á skráningum skv. gr. 4.1 og mælingar skv. gr. 4.2. Skil á skráningum og mælingum hafa ekki verið fullnægjandi og telst það vera frávík. Farið var yfir með rekstraraðila hvernig best væri að gera úrbætur vegna frávíksins.

Nýttilkomin heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta var kynnt í eftirlitinu sem og reglugerð um mengaðan jarðveg.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Á urðunarstaðnum voru tveir stórir timburhaugar, eitthvað af óvirkum úrgangi og haugur af garðaúrgangi. Ekki var um frágang að ræða í samræmi við gr. 3.10 í starfsleyfi sem telst vera frávík. Á urðunarstaðnum var einnig að finna annan úrgang, s.s. brotajárn, plast og húsgögn sem ekki er heimilt að taka á móti. Rætt var við rekstraraðila um að hreinsa þyrfti af urðunarstaðnum allan þann úrgang sem telst ekki vera óvirkur úrgangur. Einnig var áréttað að einungis er heimilt að taka á móti viðarúrgangi og garðaúrgangi til jarðgerðar, þeir haugar af timbri og garðaúrgangi sem má nú finna á urðunarstaðnum falla ekki undir heimild starfsleyfisins.

### Frávík frá

### Lýsing á frávíki

gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimilt er að taka á móti að hámarki 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári sem og viðar- og garðaúrgangi til jarðgerðar. Jarðgerð fer ekki fram á urðunarstaðnum en engu að síður er tekið á móti umtalsverðu magni af timbri og garðaúrgangi sem ekki er heimild fyrir.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum fyrir árið 2021 voru ekki fullnægjandi þar sem skráningar vantaði fyrir tl. 2-11 í gr. 4.1.

gr. 3.10 í starfsleyfi

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjufni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Ekki var um frágang að ræða á urðunarstaðnum.



**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.01.2023



---

Sigríður Magnúsdóttir

